

Heimili og hönnun



Ítalska merkið Discipline fæst í Epal.

Ítölsk hönnun úr gæðafni

Nú geta íslenskir fagurkerar loksins nálgast gæðavörur frá ítalska hönnunarmerkinu Discipline hér á landi. Merkið er tiltölulega nýtt af nálinni en hefur náð þó nokkrum vinsældum á erlendri grundu. Discipline sérhæfir sig í hönnun á fallegum og fjölbreyttum vörum fyrir heimilið og er lögð mikil áhersla á náttúruleg efni. Þá er leður, korkur og við-ur áberandi í vörulínu þessa ítalska merkis.



Þegar silki er tvinnuð saman við einband verður bandið mýkra og loftkenndara.



Áferðin er ákaflega skemmtileg og koparlitur silkisins af- ar áberandi í ullinni.



Einrum verður fánlegt í grunnlitunum, hvítum, svörtum og gráum.

NÝTT BAND ÚR ÍSLENSKRI ULL OG TAÍLENSKU SILKI

Þrjónar úr íslenskri ull og taílensku silki

EINRUM ER NÝTT ÍSLENSKT BAND UNNIÐ ÚR ULL OG TAÍLENSKU SILKI. KRISTÍN BRYNJA GUNNARSDÓTTIR ARKITEKT Á HEIÐURINN AF BANDINU SEM ER MUN MÝKRA OG LÉTTARA EN ULLIN EIN OG SÉR.

Sigurborg Slema Karlsdóttir sigurborg@mbl.is

Ég hef lengi verið að velja því fyrir mér hvernig hægt væri að mýkja ull. Þetta hefur lengi verið í hugskotinu enda hef ég alltaf verið að þrjóna. Ullin hefur mikið einangrunargildi en hinsvegar stingur hún.

Mig langaði til þess að gera hana léttari og mýkri," segir Kristín Brynja Gunnarsdóttir arkitekt, en hún hefur þróað nýtt íslenskt band, Einrum, úr íslenskri ull og taílensku silki. Kristín, sem hefur verið þrjónandi frá barnæsku, fór að hefja tilraunir með ullina fyrir tveimur og hálfu ári þegar vinkona hennar, sem starfar sem gullsmíður í Danmörku en er með verkstæði í Taílandi kom með silki, lagði á borðið og sagði: „Kristín, það hlýtur að vera hægt að gera eitthvað við þetta.“

Kristín hóf þá að þrjóna saman þræðina,



Kristín Brynja segir gaman að þrjóna úr Einrum-bandinu og gott að vera í fótum úr því.



Peysa úr Einrum-bandu. Uppskriftir sem styðja við bandið verða einnig fánlegar.

einn og einn silkiþráð við ullarþræðina. „Ég var búin að gera dágóða stúdíu í því þegar ég valdi úr hvaða blöndu mér þótti skemmtilegast að vinna með. Til að byrja með er silkiþráðurinn brúnleitur, nánast koparlitaður, og það er svolítið skemmtilegt að sjá hversu mikil áhrif litur á þessum mjóa silkiþræði hefur þegar hann blandast saman við ullina.“

Kristín valdi að notast eingöngu við grunnliti til þess að byrja með, gráan, svartan og hvítan. „Seinna meir hef ég hugsað mér að bæta rólega fleiri litum við. Þá koma vel valdir, fallegir litatónar þegar fram í sækir.“ Þá verða einnig fánlegar uppskriftir sem styðja við garnið. „Fólk getur náttúrulega að sjálfsgöðu þrjónað eitthvað sem það skapar sjálft en svo verða líka uppskriftir sem eru sérstaklega gerðar

fyrir þetta garn. Það verður spennandi að sjá hver viðbrögðin verða, mér finnst bandið allavega rosalega fallegt, gaman að þrjóna úr því og gott að vera í fótum úr því.“

Kristín, sem er búsett í Danmörku, segir Ísland aldrei vera langt undan varðandi innblástur. „Alveg sama hvar maður er eða hvað maður hugsar. Það er óhjákvæmilegt. Þetta er íslensk afurð þó að hún sé blönduð taílensku silki.“

Kristín segir hugmyndavinnu og tilraunir við þróun bandsins hafa tekið sinn tíma. „Við erum búin að prufukeyra þrjár prufur í vélunum hjá Ístex,“ segir Kristín og bætir við að Ístex hafi aðstoðað við þróunina og tekið vel í þessa nýsköpun og staðið vel að sínu verki. Einrum verður fánlegt í versluninni Ömmu Mús 6. ágúst.

BETRA AÐGENGI FYRIR HJÓLASTÓLA

Gæði umfram magn



Morgunblaðið/Þórður

Amma Mús handavinnuhús býður upp á ýmsan handavinnuvarning og íslenskar vörur, meðal annars frá Móakoti og Guðrúnu Bjarnadóttur.

Amma Mús handavinnuhús flytur höfuðstöðvar sínar um set og opnar nýja glæsilega verslun við Grensásveg 46 þann 6. ágúst á fjórða afmælisdegi verslunarinnar. Hildur Guðnadóttir, eigandi verslunarinnar, mun kynna hið nýja Einrum-band við opnunina. „Þetta verður svona kórónan í opnuninni. Við eigum gott hráefni í íslensku ullinni og um að gera að gera eitthvað nýtt og spennandi og það finnst mér Kristínu Brynju, hönnuði bandsins, hafa tekist með því að bæta silki við.“

Einnig verður áfram boðið upp á skemmtilega viðburði reglulega í versluninni.

Við brydduðum upp á nýjung núna í apríl og maí og prófuðum að hafa saumakaffi fyrsta miðvikudag í mánuði og það mæltist mjög vel fyrir. Þar skapaðist skemmtileg stemning og konur komu með gamla handavinnu sem þær vantaði farveg til þess að klára, svo að það komu ýmsir gullmolar í ljós,“ segir Hildur en verslunin hefur haldið svokölluð þrjónakaffi annan hvern laugardag yfir vetrartímann frá því að verslunin var



Hildur Guðnadóttir, eigandi verslunarinnar Amma Mús.

fyrir þá sem eru orðnir fótúnlir og þá sem eru í hjólastól.

Verslunin býður upp á ýmsan handavinnuvarning og íslenskar vörur, meðal annars frá Móakoti, Guðrúnu Bjarnadóttur, allskyns útsaum og fleira.

opnuð og hefst það á nýjan leik 30. ágúst.

„Þar eru allir velkomnir á milli kl. tíu og tólf. Svo höfum við verið með þrjónakaffi fyrir Önfirðinga og vini þeirra fyrsta þriðjudag í mánuði það er alltaf eins og ættarmót og skemmtileg stemning. Heimilisleg, vinaleg og notaleg. Svo verður kannski bryddað upp á einhverju skemmtilegu í vetur.“ Hildur segir að með nýrri staðsetningu verslunarinnar verði ennþá betra aðgengi bæði